

FORSETAÚRSKURÐUR

75

2. ágúst

um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Á eftir orðinu áfengismál í V. lið úrskurðarins komi: nema innflutningur, sala og veitingar áfengis, annars en áfengislyfja.

Inn í fjórða málslið VI. liðs úrskurðarins komi á eftir orðinu „sjávarafurðir“ orðin innflutningur, sala og veitingar áfengis nema áfengislyfja.

Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

76

2. ágúst

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að með því að Alþingi eigi ekki að koma saman fyrr en 1. október þ. á., en ákvæði laga nr. 58 3. marz 1945 gilda eigi lengur en til 15. september þ. á., verði að gera ráðstafanir með bráðabirgðalögum, ef halda eigi í skefjum verðlagsvísitölu, þar til er Alþingi getur gert ráðstafanir sínar í þá átt. Enn fremur telur hann nú þegar brýna þörf á ákvæðum er fyrirbyggja það, að verðlag á kjöti af sauðfé og kartöflum, framleiddu fyrir venjulegan framleiðslutíma, hafi áhrif á vísitöluna.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því, að hafðar séu hömlur á verðlagsvísitölunni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. september 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neytluvörum, eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neytlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

76
2. ágúst

2. gr.
Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er áður en venjuleg haustslátrun hefst og á kartöflum, sem teknar eru upp fyrir venjulegan uppskerutíma, skal eigi hafa áhrif á dýrtíðarvísitölu.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 2. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

Stjórnartíðindi 1945, A. 11.

77
7. maí

F Y R I R M Æ L I

um sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á sparisjóðsdeild sem öðrum skuldbindingum Búnaðarbankans.

2. gr.

Deildin skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggðum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbréfa má koma inneign í sparisjóðsdeild Landsbankans.

3. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

4. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 1 kr. í senn. Þó er deildin eigi skyld að taka við stórfé, þegar stjórn bankans telur honum það óhentugt.

5. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 5 kr., skal reikna vöxtu af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aukum. Vextir skulu reiknaðir til 31. desember ár hvert og lagðir þá við höfuðstól. Af fjárhæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vöxtu, þegar slíkar fjárhæðir standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

6. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn bankans telur sér fært, en krafizt getur hún þess, að fjárhæðum frá 1000—3000 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara, fjárhæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

Eigi er bankinn skyldur að greiða meira en 5000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók, nema uppsögn liggir fyrir og er þá uppsagnarfrestur tveir mánuðir að minnsta kosti.